

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

42. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILIÐ 2014-2018

Árið 2017, fimmtudaginn 15. júní, kl.13:00, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 3.

Mætt voru Steinn Ingi Kjartansson, oddviti, Guðbjörg Bergmundsdóttir, Halldóra Pétursdóttir, Valgeir Scott og Pétur G. Markan, sveitarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 13:00.

Oddviti bauð viðstadda velkomna og athugaði með lögmæti fundarins.

Oddviti óskaði eftir því að síðasti liður fundarins yrði færður fremst. Samþykkt.

Sveitarstjóri bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

### Dagskrá:

1. Fulltrúar HG-Gunnvarar / Háafell koma til fundar við sveitarstjórn.
2. Ársreikningar Súðavíkurhrepps og stofnanna fyrir árið 2016 – seinni umræða.
3. Móttaka flóttafólks og fjölskyldna með mannúðarleyfi í Súðavík
4. Ljósleiðaraframkvæmd í Súðavíkurhreppi.
5. Samantekt Juris vegna réttarstöðu Súðavíkurhrepps vegna mögulegra virkjana.
6. Skólahreystivöllur við Súðavíkurskóla – erindi frá ungmennafélaginu Geisla.
7. Kynning á lokahönnun Hvítanesverkefnis.
8. Samningur um minkaveiði í Súðavíkurhreppi.
9. Fundargerð sambands. Ísl. Sveitarfélaga nr. 850

---

1. Kristján Jóakimsson kom til fundar við sveitarstjórn, og ræddi uppbyggingu Háafells / HG Gunnvarar í Ísafjarðardjúpi, bein áhrif á sveitarfélagið þegar þessi uppbygging kemur til fullra starfa og hver staðan sé á leyfismálum fyrirtækisins í dag.

2. Ársreikningar Súðavíkurhrepps og stofnanna lagðir fram.

Niðurstaða ársins í lykiltölum er eftirfarandi:

Rekstrartekjur ársins námu **246** milljónum

Rekstrarafgangur sveitarfélagsins er **23 milljónir**. Áætlun ársins gerði ráð fyrir 14 milljónum.

Eigið fé sveitarfélagsins nam **470** milljónum við árslok.

Veltufé frá rekstri var **50** milljónir við árslok, áætlun gerði ráð fyrir 27 milljónum.

Handbært fé sveitarfélagsins við lok ársins var **104** milljónir, en áætlun gerði ráð fyrir 77 milljónum.

Fram kemur í skýrslu sveitarstjórnar að skuldaviðmið sveitarfélagsins er **-12%** við lok ársins 2016.

Framlagður ársreikningur samþykktur samhljóða.

Bókun sveitarstjórnar.

### **Framúrskarandi árangur í rekstri Súðavíkurbrepps.**

Ljóst er að rekstur Súðavíkurbrepps hefur tekið miklum framförum á síðustu þremur árum. Fjárhagsleg staða sveitarfélagsins hefur styrkst mjög, eins og kemur m.a. í þróun á handbæru fé og veltufés frá rekstri.

Til samanburðar var við lok árs 2013 handbært fé rekstri samstæðu 24 milljónir, en við lok 2016, 104 milljónir.

Veltufé frá rekstri við árslok 2013 var 15 milljónir, en við lok árs 2016 var það 41 milljón.

Veltufé frá rekstri segir til um getu sveitarfélagsins til fjárfestinga, sem hefur eflst til muna síðastliðinn þrjú ár.

Skuldaviðmið sveitarfélagsins var við árslok 2016 **-12%**, sem þykir einstakt á landsvísu.

Sjálfstæði sveitarsfélaga er öðru fremur bundið í fjárhagslega sjálfbærni.

Með öguðum rekstri og betri afkomu síðastliðinna ára hefur sveitarstjórn treyst sveitarfélagið betur í sessi, og eflt það til að takast á við verkefni framtíðarinnar.

Í ár er sveitarfélagið í stórum verkefnum, m.a. annars til að efla innviði Inndjúpsins. Slík verkefni eru sveitarfélaginu möguleg með góðum rekstri, eins og afkoma ársins 2016 gefur í ljós.

Samþykkt samhljóða.

3. Hér kemur fulltrúi ráðuneytis til fundarins í síma og ræðir erindið. Sveitarstjórn tekur jákvætt í hugmynd um að taka á móti flóttamönnum. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ræða við skólastjóra um mögulega

aðkomu skólans að verkefninu, félagsþjónustunnar, og kanna með mögulegt húsnæði.

Sveitarstjóra falið að vinna að málinu og skila sveitarstjórn skýrslu innan tveggja vikna.

#### 4. Minnisblað sveitarstjóra lagt fram.

Lagður fram samstarfssamningur við Mílu um ljósleiðaravæðingu. Samningurinn samþykktur og sveitarstjóra falið að ganga frá honum við Mílu.

Stærsti liður verkefnisins er að leggja ljósleiðara í Mjóafjörð inn í Heydal. Ráðgert að frístundabæir á leiðinni taki inn ljósleiðarann.

Fordæmalausar aðstæður eru í Heydal til atvinnureksturs vegna fjarskiptaleysis. Forgangsröðun sveitarfélagsins miðar að því að þetta svæði verði fyrst af þessum sökum.

Settir verða upp örbylgjusendar á Nauteyri og á Langeyri sem eiga að lýsa upp erfiða staði eins og Svansvík, Reykjarfjörð, Hattardal og Svarthamar.

Sveitarstjórn stefnir að ljósleiðaravæða frekar í dreifbýli Súðavíkurbrepps á næsta ári.

Sveitarstjórn Súðavíkurbrepps samþykkir 9 milljón króna fjárfestingu í ljósleiðarframkvæmd í Inndjúpi Súðavíkurbrepps.

Góð rekstrarafkoma sveitarfélagsins gefur sveitarstjórn möguleika á að fara í verkefni í Inndjúpinu sem miða að því að styrkja þar innviði og treysta þannig og efla búsetu.

Samþykkt samhljóða.

5. Ákveðið að samantektin/ lögfræðilítið sé trúnaðargagn fram að næsta fundi sveitarstjórnar. Samþykkt samhljóða.
6. Sveitarstjórn tekur vel í erindið og felur sveitarstjóra að boða fulltrúa Geisla á fund.

Sveitarstjórn samþykkir að veita tveimur milljónum í verkefnið samhljóða.

Sveitarstjóra falið að útbúa viðauka í fjárhagsáætlun fyrir samþykktari fjárhagsáætlun.

7. Lagt fram til kynningar.
8. Sveitarstjórn samþykkir 500 þús. viðauka í fjárhagsáætlun 2017. Sveitarstjóra falið að útbúa viðaukann.
9. Lagt fram.

**Fleira ekki gert.**

**Fundi slitið kl. 15:35**

**Steinn Ingi Kjartansson  
oddviti**

**Valgeir Scott**

**Guðbjörg Bergmundsdóttir**

**Halldóra Pétursdóttir**

**Pétur G. Markan, sveitarstjóri**